

Nr. 27/1886

Þórður Guðmundsson
gegn
Ögmundi Sigurðssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandinn, Þórður Guðmundsson í Görðunum við Reykjavík, hefur fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu höfðað mál gegn Ögmundi Sigurðssyni í Tjarnarkoti í Vatnsleysustrandarhreppi fyrir það, að hann hinn 26. marz f. á. hafi tekið upp úr sjó 8 Þorskanet og 2 stúfa, er áfrýjandinn átti, og það án vilja og vitundar áfrýjanda, eða án þess að skýra honum frá netatökunni, en netunum hafi hann eigi skilað aptur fyr en fullri viku síðar, og fiskum þeim, er í netunum voru, alls eigi. Krafðist hann því 500 króna skaðabóta fyrir atvinnutjón út af netatökunni, að hinn stefndi skilaði aptur aflanum úr netunum eða bætti hann að fullu; svo krafðist hann og málskostnaðar og sekta. Með dómi aukarjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, upp kveðnum hinn 31. ágústmán. f. á., var hinn stefndi dæmdur sýkn af kröfum áfrýjandans og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú Þórður Guðmundsson áfrýjað fyrir yfirdóminn, og krafizt þar, að dómur aukarjettarins verði úr gildi felldur, að stefndi greiði 500 króna skaðabætur fyrir atvinnutjón, er orsakazt hafi af upp-töku og haldi á netunum, að hann skili aptur afla þeim, er í netunum var, eða bæti 100 krónur sem ígildi hans, svo og málskostnað fyrir undirjetti og yfirdómi.

Hinn stefndi þar á móti hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum áfrýjanda,

sem og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirrjetti.

Það er sannað í málinu, að hinn stefndi hafi verið skipaður tilsjónarmaður eptir fiskiveiðasamþykkt 9. júní 1885, 7. gr.; ennfremur verður að álíta sannað, að þorskanet þau, er hann hefur tekið upp hinn 26. marz f. á., hafi verið lögð af áfrýjandanum, er var til sjóróðra í hjerði því, er samþykkt 9. júní 1885 nær yfir, þar sem eptir samþykkt þessari er bannað að leggja þorskanet eptir 1. grein samþykktarinnar, sem og að hinn stefndi hafi afhent hlutadeigandi hreppstjóra bæði netin og aflann, þegar hann kom í land með þau, allt eptir erindisbrjefi lögreglustjóra til hans, dags. 8. febrúar f. á., og nákvæmari ákvæðum hans í brjefi til hlutadeigandi hreppstjóra, dags. 3. marz f. á.

Þannig er eptir því, sem fram hefur komið í málinu, eigi ástæða til þess að láta hinn stefnda sæta ábyrgð til skadabóta fyrir upptöku hinna umræddu þorskaneta, og fyrir að hann hefur afhent hreppstjóra þeim, er hlut átti að máli, netin og afla þann, er í þeim var.

Hinn áfrýjada dóm aukarjettarins ber því að staðfesta, og áfrýjandanum að greiða stefnda málskostnað hjer fyrir rjetti með 30 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi aukarjettardómur á óraskaður að vera. Áfrýjandanum, Þórði Guðmundssyni, ber að greiða hinum stefnda, Ögmundi Sigurðssyni, í málskostnað fyrir yfirrjetti 30 —þrjátíu—krónur.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.